

**Ed.** **100. Frumvarp til laga** [88. mál]  
um breyting á lögum nr. 52 5. júní 1957, um eyðingu refa og minka.

Flm.: Bjartmar Guðmundsson, Alfreð Gíslason.

1. gr.

9. gr. laganna breytist þannig:

- a. Fyrir „kr. 350.00“ í 1. málsgr. komi: kr. 550.00.
- b. Fyrir „kr. 200.00“ í 2. málsgr. komi: kr. 350.00.

2. gr.

Fresta skal að framkvæma ákvæði 11. gr. laganna um eitrun fyrir refi og minka næstu 5 ár. Jafnframt er bannað að eittra fyrir þessi dýr á sama tímabili.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þau lög, sem nú eru í gildi um eyðingu refa og minka, eru frá 5. júní 1957. Voru þá gerðar veigamiklar breytingar á lögum um sama efni frá 25. maí 1949, þessar helztar: Breytt var lítils háttar kostnaðarhlutföllum. Í öðru lagi: Yfirumsjón refa- og minkaveiða var falin sérstökum manni, veiðistjóra, undir stjórn Búnaðarfélags Íslands og yfirstjórn landbúnaðarráðherra. Í þriðja lagi: Lögboðin var eitrun á hverju ári til útrýmingar þessum meindýrum, og var breyting sú mjög umdeild, þegar lögin voru til umræðu á þingi, í blöðum og á meðal almennings.

Sú breyting, sem hér er lagt til að gerð verði á lögnum, er aðeins við 9. og 11. grein.

Um 1. gr.

Breytingin er til samræmis við breytt kaupgjald, og er lagt til, að verðlaun fyrir unnin hlaupadýr hækki.

Um 2. gr.

Lagt er til, að eitrun fyrir refi og minka, sem nú er lögboðin, falli niður um 5 ár og verði um leið bönnuð um jafnlangan tíma. Samkvæmt lögum, er nú gilda, er nánar kveðið á um framkvæmd þessarar skyldu í reglugerð frá 28. nóv. 1958, í 7., 8., 9., 10. og 11. gr. Segir þar, að oddvitum og bæjarstjórum sé skylt, strax að loknum haustgöngum, að láta eittra og skuli þeirri iðju vera lokið í síðasta lagi í janúarlok ár hvert.

Frá því um 1890 hefur eitrun fyrir refi og fugla verið tíðkuð meira og minna hér á landi, mest þó fyrir og eftir aldamót. Reynsla af þeirri starfsemi er mjög óhugnanleg á marga grein. Kringum 1920 var þó þessi iðja mjög farin að leggjast niður, að minnsta kosti í mörgum landshlutum. Í lögum frá 1949 var svo fyrir mælt, að eittra skyldi fyrir refi þriðja hvert ár. En yfirleitt mun því ákvæði ekki hafa verið framfylgt.

Rök andstæðinga eitrunarskyldunnar 1957 voru einkum þessi: Eitrun er viðurstyggileg deydíngaraðferð og kvalafull. Hún er auk þess áhrifalítill aðferð til að fækka refum og líkast til áhrifalaus gagnvart minknum. Hún hittir fyrir spendýr og fugla, sem henni er ekki ætlað að ná til. Hún getur jafnvel orðið mönnum að skaða. Örninn, „konungur fuglanna“, er í stórhættu fyrir því að verða aldauda, og hefur reynsla frá því um 1890 staðfest það eftirminnilega.

Talsmenn eitrunarinnar héldu því hins vegar fram, að ógerlegt væri að halda þessum tveimur meindýrategundum í skefjum nema með aðstoð stryknínsins, þ. e. refnum og minknum.

Það skal höfundum eitrunarákvæðanna til hróss sagt, að viðleitni var sýnd af stjórnarvalda hálfu að draga úr þeirri hættu, sem lögin leiddu yfir örninn. Í reglugerð þeirri, sem ég nefndi, frá 28. nóv. 1958, er bannað að eittra fyrir refi í þessum sýslum: Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, Dalasýslu, Barðastrandarsýslum, Ísafjarðarsýslum og Strandasýslu. En í þessum landshluta var þá talið, og er enn talið, að fáeinir ernir verpi og haldi sig. Þessi undanþága var gerð til verndar þessum fuglum og er um leið játning á þeirri staðreynd, að örn getur aldrei varað sig á eitruðu hræi, þótt refnum lærist það miklu frekar fljótlega, hrafninum og jafnvel svartbaknum. Um minkinn er vart um að tala í þessu sambandi.

En „örninn flýgur fugla hæst í forsal vinda“, segir í gamalli vísu. Strax á fyrstu árum eitrunarskyldunnar fóru að finnast dauðir ernir af eittri, bæði norðanlands og sunnan, því að auðvitað fljúga þessir fáu fuglar, sem enn hjara á Vestfjarðakjálkanum aðallega, bæði austur um land, suður og norður, einkum ungfuglinn, og geta þá hitt þar fyrir eitruð hræ, sem ætluð eru refum. Um 1890, er refaeitrun fyrst hefst að ráði, var strjálíngur af arnarhreiðrum um allt land, langmest þó á Vestfjörðum. Um aldamót er talið, að þau séu orðin innan við einn tug utan Vestfjarða, en allmörg þar. 1910 hefur þeim enn fækkað, og 1920 er talið, að þau hafi verið orðin aðeins 20. 1959 var gerð skipuleg talning, og fundust þá 10–12 hreiður. Og hefur þeim enn fækkað, svo að engu má muna, að þessi merkilega fuglategund verði með öllu aldauda. Bendir flest til, að ekki muni nú vera eftir nema 10–15 fuglar í mesta lagi.

Það skal viðurkennt, að örninn er enginn nytjafugl, og einnig hitt, að hann gerir nokkurn skaða í vörpum. En hinu neitar hins vegar enginn, að það verður að teljast þjóðarskömm að útrýma honum með öllu og svipta þar með okkar fáskrúðuga dýraríki einni sinni tilkomumestu tegund. Fyrir löngu er þetta viðurkennt af lögjafanum, því að ernir hafa verið alfriðaðir um áratugi.

Um áhrif eitrunar til fækkunar refum eru skiptar skoðanir. Ýmsir glöggir menn og nákunnugir háttum refa telja, að eitrunin ali beinlínis upp dýrbíti, en svo eru þau

dýr nefnd, er leggjast á sauðfé. Samkvæmt álitum þeirra er því eitrunin til ills eins og kennir vitrustu dýrunum að leggja sér einungis til munns það, sem þau veiða sjálf. En aðalfæða refa er annars hræ, sem þau finna á fjörum eða öðrum víðavangi, og svo fuglar, sem þeir veiða. Eitthvað á þessa leið mun og hafa vakað fyrir lög-gjafanum 1949, þegar fyrir var lagt að eittra aðeins þriðja hvert ár.

Í frumv. þessu er gert ráð fyrir að gera hlé á eitrun í 5 ár. Það hlé er hugsað sem reynslutími, sem allir eiga að geta sætt sig við, hverja skoðun sem þeir annars hafa á þessum málum. En framlenging eða ekki framlenging að 5 árum liðnum á að geta farið eftir því, hvernig til tekst þennan reynslutíma. Að álitum margra, sem annars aðhyllast þá skoðun, að refaeitrun sé ill nauðsyn, er því skynsamlegt að eittra ekki nema ár og ár, segja þeir.

Alþingi hefur borizt áskorun um að banna stryknineitrun frá sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu. Flutningsmönnum er og kunnugt um, að fjöldi sveitarstjórna telur eiturnotkun hina mestu óhæfu og framkvæmir skyldu sína í því efni þvernauðugur. Sömu skoðunar eru og flutningsmenn, en telja þó um leið, að 5 ár séu máské nauðsynlegur umhugsunartími fyrir menn að átta sig á hlutunum.

Sé ekkert að gert nú þegar í þessu efni, er það jafnvist og 2 og 2 eru 4, að innan fárra ára verður svo komið, að síðasti Íslandsörn „flögrar á vinstri hlið“. Mætti það þá einnig verða, að það væri um leið hinzi haförn í veröldinni, líkt og gerðist um geirfuglinn okkar sællar minningar. Þessi fuglategund er að hverfa úr nágrenna-löndum okkar — eða er horfin — af svipuðum ástæðum og hér. Þegar svo illa er komið, er um seinan að bæta ráð sitt, aðeins hægt að iðrast.

Þess skal að lokum getið, að bannað er í fuglafriðunarlögum frá 1954 að eittra fyrir fugla. En undanþágu má þó veita frá því, er varðar fugla, sem ræna eggjum annarra fugla. Er sú undanþága staðfest í reglugerð við þau lög og heyrir undir menntamálaráðuneytið. Viljum við í tengslum við þetta frumv. benda menntamála-ráðherra og fuglafriðunarnefnd á, að nauðsynlegt er að endurskoða þá reglugerð, að því er varðar meðferð eiturs, afnema hana eða breyta. Til þess þarf ekki laga-breytingu.